

AUGLÝSING

(III) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 960, 6. desember 2004, um úthlutun á þorsk-
ígildislestum til stuðnings byggðarlögum, staðfestir ráðuneytið eftirfarandi úthlutunarreglur
þessara sveitarfélaga:

1. Hólmavíkurbætur.

Úthluta skal til báta/skipa sem heimahöfn eiga á Hólmavík og landa aflanum í heima-
höfn enda séu eigendur þeirra skráðir með búsetu í Hólmavíkurbætur og skráðir þar
þegar auglýstur umsóknarfrestur rennur út og hafi haft atvinnu af fiskveiðum eða fisk-
vinnslu s.l. fiskveiðiári. Ekki koma til greina þær útgerðir sem leigt eða selt hafa kvóta
frá sér á síðasta fiskveiðiári eða landað hafa utan heimahafnar nema um sjóskaða hafi
verið að ræða eða stórkostlega vélarbilun. Úthlutunin skal vera jöfn milli allra þeirra
sem úthlutun fá en ekki hlutfallsleg.

2. Stykkishólmsbær.

Skipta skal byggðakvóta Stykkishólmsbætur milli báta, þeirra útgerða sem stunduðu
skelveiðar í Breiðafirði á tveimur síðustu vertíðum og skráðir eru í Stykkishólmi 31.
desember 2004, þannig:

1. 90% skiptast á grundvelli aflahlutdeildar í hörpuskel kvótaárið 2004/2005.
2. 10% skiptast milli báta, með veiðireynslu í hörpuskel fiskveiðiárið 2001/2002 og
2002/2003 sem varanlega aflahlutdeild í hörpuskel er ekki bundin við, enda eigi eigendur
þeirra ekki annan bát, sem aflahlutdeild í hörpuskel er bundin við 31. desember 2004.

Kvótinn verði veiddur af bátum í bæjarfélaginu og unninn á staðnum.

2. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 960, 6. desember
2004, um úthlutun á þorskígildislestum til stuðnings byggðarlögum, til þess að öðlast þegar
gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. febrúar 2005.

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Klausturstígur.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 20.
janúar 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Grafarholt austur, námsmannagarða við Klaustur-
stíg.